

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 706,00.

Söluskattur 25% samkvæmt lögum, er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema í lið 1.3. viðhaldsgjald og liðum 4.1., 4.2. og 4.3.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1989, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 134, 30. mars 1989 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 374, 25. júlí 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 10. apríl 1989.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

**vegna starfsleyfis skyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð
nr. 390/1985.**

1. gr.

Starfsleyfis- og eftirlitsgjöld.

Hollustuvernd ríkisins, skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skal innheimta gjöld vegna vinnslu starfsleyfa og eftirlits með starfsleyfis skyldri starfsemi skv. reglugerð nr. 390/1985 í samræmi við gjaldskrá þessa.

Gjöldin skulu standa undir kostnaði Hollustuverndar ríkisins við vinnslu starfsleyfis og við eftirlit með viðkomandi starfsemi.

Starfsleyfis skyldum fyrirtækjum, skv. 1. gr. reglugerðar nr. 390/1985, er skipt í fjóra flokka. Í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari skulu þau greiða starfsleyfisgjald við veitingu starfsleyfis og árlegt eftirlitsgjald, sem hér segir:

	Starfsleyfisgjald	Eftirlitsgjald
1. flokkur	kr. 400.000	kr. 200.000
2. flokkur	kr. 70.000	kr. 50.000
3. flokkur	kr. 35.000	kr. 20.000
4. flokkur	kr. 10.000	kr. 8.000

2. gr.

Innheimta.

Hollustuvernd ríkisins innheimtir eftirlitsgjöld skv. gjaldskrá þessari. Gjald dagi starfsleyfisgjalds er mánuði eftir að starfsleyfi hefur verið veitt og eindagi einum mánuði síðar. Sé starfsleyfi unnið í áföngum á meira en einu ári er þó heimilt að innheimta gjaldið eftir því sem verkinu miðar áfram.

Gjaldldagi eftirlitsgjalda er 1. mars og eindagi 1. júní. Eftirlitsgjöld falla á frá og með útgáfudegi starfsleyfis eða staðsetningarleyfis eða fyrir hafi rekstur sannanlega hafist áður. Um innheimtu fer að öðru leyti skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

3. gr.

Eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins.

	Frestur fyrstu skoðun	Tíðni sérfræðiskoðunar og minni mælinga	Tíðni nákvæmra „Emissionmælinga“
1. fl.	6 mánuðir.	Árlega.	Þriðja hvert ár.
2. fl.	6 mánuðir.	Þriðja hvert ár.	Sjötta hvert ár.
3. fl.	1 ár.	Fimmta hvert ár.	Tiunda hvert ár.
4. fl.	1 ár.	Fimmta hvert ár.	Aldrei.

4. gr.

Frávik frá gjaldskrá.

Sé talið, við vinnslu starfsleyfis eða á grundvelli eftirlits, að hætta sé á verulegu umhverfisvandamáli vegna starfsemi fyrirtækis, getur Hollustuvernd ríkisins krafist úttektar. Taki Hollustuvernd ríkisins að sér að vinna að slíkri úttekt skal greitt fyrir þá vinnu í samræmi við gjaldskrá fyrir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins. Sama gildir um vinnu sem Hollustuvernd ríkisins innir af hendi vegna óska fyrirtækis um breytingu á starfsleyfi.

Heimilt er að lækka starfsleyfisgjald um allt að 30% ef fyrirtæki leggur fram allar þær upplýsingar sem Hollustuvernd ríkisins telur nauðsynlegar vegna veitingu starfsleyfisins.

Komi fram við eftirlit að ekki er fylgt ákvæðum starfsleyfis eða séu rökstuddar kvartanir miklar vegna starfseminnar, getur Hollustuvernd ríkisins lagt til við ráðherra að viðkomandi fyrirtæki verði gert að greiða eftirlitsgjald einum flokki ofar.

Berist ekki rökstuddar kvartanir og sýni eftirlitið ekki umhverfisleg vandamál, getur Hollustuvernd ríkisins lækkað eftirlitsgjaldið um 40% eða fært fyrirtækið niður um einn flokk.

Skoði Hollustuvernd ríkisins ekki viðkomandi fyrirtæki eða framkvæmi tilskyldar mælingar, skv. því sem segir í 3. gr., fellur gjaldtaka niður frá og með því ári, sem skoðun eða mæling skyldi fara fram og til þess tíma er þær hefjast.

5. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 17. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 355/1986, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. apríl 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Fylgiskjal:

1. Álfraframléiðsla.
Framléiðsla á tilbúnum áburði.
Sements- og kalkframléiðsla.
Kísiljárnframléiðsla (SiFe).
Kísilmálmframléiðsla (Si).
Kísilframléiðsla (SiO₂).
Cellulosa- og pappírsframléiðsla.

Járn- og steinullarframleiðsla.

Glerullar- og steinullarframleiðsla.

Fiskeldisstöðvar, ef framleiðsla er meiri en 1000 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 100 tonn á ári og afrennsli í ferskvatn.

Sorphaugar og sorpbrennsla ef þær þjóna fleiri en 50.000 einstaklingum.

2.

Fiskimjölserverksmiðjur ef framleiðslugeta er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í þéttbýli.

Fiskeldisstöðvar ef framleiðslugeta er meiri en 200 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meiri en 20 tonn og afrennsli í ferskvatn.

Seiðaeldisstöðvar með meira en 350 þús. seiðum og afrennsli í ferskvatn.

Sorphaugar og sorpbrennsla ef þær þjóna fleiri en 10.000 einstaklingum.

Skolphreinsistöðvar ef frárennsli samsvarar 10.000 PE og leitt er til sjávar eða 100 PE og leitt er í ferskvatn.

3.

Fiskimjölserverksmiðjur ef framleiðsla er meiri en 500 tonn á sólarhring og staðsetning í strjálbýli. Einnig minni verksmiðjur sem staðsettar eru í þéttbýli.

Yfirborðsmeðhöndlun á járn, stáli og öðrum málum. Galvanisering og stærri fyrirtæki.

Framleiðsla á mjóli og feiti úr sláturúrgangi.

Sútunarverksmiðjur.

Olíumalar- og malbikunarstöðvar.

Fiskeldisstöðvar ef framleiðsla er meira en 100 tonn á ári og afrennsli til sjávar, eða meira en 10 tonn og afrennsli í ferskvatn.

Seiðaeldisstöðvar með meira en 150.000 seiði og afrennsli í ferskvatn. Sorphaugar og sorpbrennsla sem þjóna fleiri en 2000 einstaklingum. Skolphreinsistöðvar ef frárennsli samsvarar 5000 PE og leitt er til sjávar eða 500 PE og leitt er í ferskvatn.

4.

Yfirborðsmeðhöndlun á járn, stáli og öðrum málum annað en um getur í 3.

Seiða- og fiskeldisstöðvar annað en um getur í 1–3.

Lím- og málningarverksmiðjur.

Hreinlætisvöruverksmiðjur.

Plastvöruframleiðsla.

Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu.

Sorphaugar og sorpbrennsla annað en um getur í 1–3.

Skolphreinsistöðvar annað en um getur í 1–3.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Neshreppi utan Ennis.

1. gr.

Í Neshreppi utan Ennis er óheimt að vera með búfjárhald nema hjá þeim bændum sem á lögbýlum búa og hafa landbúnað fyrir aðalatvinnu. Hreppsnefnd getur þó veitt öðrum sérstök leyfi til búfjárhalds gegn þeim skilyrðum sem um getur í reglugerð þessari.

2. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjárhalds skal senda um það umsókn til hreppsnefndar ásamt yfirlýsingu um að hann beri að öllu leyti ábyrgð á því tjóni sem gripir hans kunna að valda.